

Fundargerð 18. fundar skráningarráðs, þriðjudaginn 30. ágúst 2005

haldinn í fundarherbergi 5A í Borgartúni 37, kl. 13.30-16.

Fundarmenn: Fanney Sigurgeirsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir (fundarritari), Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir. Guðný Ragnarsdóttir gat ekki mætt á fundinn.

Auk þeirra sátu fundinn Ragna Steinarsdóttir, ritstjóri efnisorða, Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir, sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Fréttir frá samráðsfundi SVUC

Sigrún greindi frá samráðsfundi SVUC (Scandinavian Virtual Union Catalog) sem haldinn var í Osló 17. ágúst s.l. Verkefnið hóf göngu sína 1998-99. Íslendingum var boðið í samstarfið en það var ekki þegið þá vegna óvissu í kerfis- málum okkar. Verkefninu lauk 2003 einmitt þegar Gegnir fór af stað. Tilgangur vinnunnar var sá að löndin gætu sótt færslur hvort hjá öðru. Fulltrúar á fundinum voru frá stærstu söfnum landanna og samskrám. Flestar færslur eru sóttar úr Bibsis og Libris. Marksniðin eru látin tala saman en æ fleiri eru að taka upp MARC 21, þ.e. sama snið og við notum í Gegni. Samstarf með nafnmyndafærslur er spennandi framtíðarverkefni. Ísland er komið inn í hópinn en það á eftir að tilnefna fulltrúa. Næsti fundur verður haldinn í Kaupmannahöfn í desember.

3. Punktavandamál – Nafnmyndaskrá

Nú er greinarmerkjavandamálið leyst og var að því unnið 17.-20. júní. Unnið verður áfram í nafnmyndaskrá og hlaðið verður inn í grunninn nýrri nafnmyndaskrá.

4. Titilskráðar þýðingar – samræmdir titlar

Hópur vegna titilskráðra þýðinga og samræmdra titla, þ.e. 24010 og 130, hittist á fundi 4. ágúst í Bókasafni Garðabæjar og velti fyrir sér hvernig mætti aðskilja samræmda titla frá frummálstitlum í kerfinu. Ákveðið var að leggja fram til skoðunar hvort nota mætti 246 3# fyrir frummálstitla og þá er óþarfi að nota líka 546. Með þessari aðferð þarf ekki að hafa frummálstil sem höfuð, kemur þannig út í útprentun. Í athugun er hjá Landskerfi hvort hægt er að breyta 246 til notkunar í þessu skyni.

5. Myndbandaskráning

Formaður lagði til að skipuð yrði nefnd til að koma sér niður á reglur í sambandi við myndbandaskráningu. Tilnefnd voru Árný S. Þórólfsdóttir, Jón Sævar Baldvinsson, Anna Jensdóttir, Sigrún Guðnadóttir og Hulda Ásgrímsdóttir, sem skyldi kalla hópinn saman.

6. Önnur mál

Undir liðnum önnur mál var m.a. rætt um að sleppa mætti undirtitlunum : skáldsaga, roman, novel. Það kemur sér oft illa í röðun að hafa þessa undirtitla með vegna þess að stundum eru þeir notaðir og stundum ekki á sama verkið í mismunandi útgáfum. Einnig kom fram að indexanir og röðunarreglur verða athugaðar þegar 16. útgáfa kerfisins kemur.

Fundi slitið um kl. 16.